



Skartgripatrygging

Skilmáli E-54

Skartgripatrygging er ætluð einstaklingum sem vilja sértryggja skartgripa sína fyrir óvæntum tjónum.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

Um trygginguna gilda tryggingarskírteini ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í skilmála þessum ganga framar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. Kafli. Bótasvið og varúðarreglur

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á tryggðum munum af völdum skyndilegra og óvæntra óhappa.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón sem:

- orsakast af snöggum hita og rakabreytingum.
- stafa af eðlilegu sliti, litabreytingu, hrörnun yfir lengri tíma, ryði, tæringu, rotnun, aflögun, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi og innri bilunum.
- valdið er af bakteríum, myglu, skordýrum eða meindýrum.
- orsakast af hreinsun, viðgerðum, endurslípun, litun, breytingum, endurgerð eða endurbótum.
- stafar af innri galla, efnisgalla, smíðagalla, framleiðslugalla eða bilun í hlutnum sjálfum.

Félagið bætir ekki aukakostnað umfram beinan viðgerðarkostnað á skemmdum á skartgripum, svo sem kostnað við hreinsun, yfirferð og ábyrgðareftirlit, nema að hann sé talinn nauðsynlegur við viðgerð á úri og þá að hámarki sem þeirri fjárhæð sem tilgreind er á skírteini.

3. gr. Varúðarreglur

- Tryggðum ber að sýna eðlilega aðgát við vörslu tryggðra skartgripa.
- Tryggðum ber að læsa tryggilega hóbýlum, bifreiðum, bátum, loftförum og öðrum sambærilegum geymslustöðum þegar þessir staðir eru mannllausir og/eða án eftirlits og sjá til þess á allan hátt að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að hinu tryggða.
- Tryggður skal fara með vörslu og umsjón hins tryggða. Sé hið tryggða afhent öðrum til vörslu eða umsjónar ber að fá samþykki félagsins fyrir því.
- Tryggður skal fara að fyrirmælum framleiðenda hvað varðar meðhöndlun, notkun og viðhald tryggðra muna.

2. Kafli. Almenn ákvæði

4. gr. Hvað er tryggt?

Tryggingin tekur til þeirra skartgripa sem skráðir eru á tryggingarskírteini.

Við tryggingartöku krefst félagið þess að tryggingartaki leggi fram vottorð frá viðurkenndum matsaðila, svo sem gullsmið eða faggiltum skartgripamatsmanni, um verðmæti og lýsingu skartgripsins, þar á meðal tegund, þyngd, gæði og einkenni steina og málma. Félagið metur hverju sinni hvort vottorðið sé það nýlegt og að öðru leyti fullnægjandi til að leggja meg þáð til grundvallar við ákvörðun verðmætisins. Verði fullnægjandi vottorð ekki lagt fram þrátt fyrir beiðni þar um, er félaginu heimilt að hafna töku tryggingar.

5. gr. Hver er tryggður?

Tryggður er eigandi þeirra hagsmuna sem tilteknir eru á tryggingarskírteini.

Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í lausafénu eru ekki meðtryggðir í skilningi laga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðtryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en tryggður.

6. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum, enda eru tryggðir skartgripir í umsjá tryggðs.

7. gr. Tryggingarverðmæti

Tryggingarfjárhæð nemur þeirri fjárhæð sem fram kemur á tryggingarskírteini. Fjárhæðin breytist við endurnýjun samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Upphæð tryggingarfjárhæðar telst ekki vera sönnun á verðmæti hinna tryggðu hagsmuna.

Tryggingartaka ber sjálfum að gæta þess að tryggingarfjárhæð sé í samræmi við áhættu á hverjum tíma.

8. gr. Óbeint tjón

Tryggingin nær ekki til óbeins tjóns sem leiða kann af bótaskyldum atburði, svo sem rekstrartapi, töf á framleiðslu eða afhendingu á vörum.

9. gr. Ákvörðun bóta

- a. Ef skartgripur tapast, týnist eða er stolið mun félagið, eftir því sem unnt er, útvega sambærilegan mun frá upprunalegum eða völdum þjónustuaðilum.
- b. Ef ekki er hægt að útvega sambærilegan skartgrip miðast tjónsbætur almennt við enduröflunarverð á sambærilegum hlut, miðað við markaðsvirði á tjónsdegi.
- c. Ef ekki er um altjón að ræða getur félagið annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist, þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- d. Ef kostnaður við viðgerð er hærri en markaðsvirði hins tryggða munar á tjónsdegi, getur félagið boðið samkomulagsbætur.
- e. Ef félagið greiðir bætur í peningum eða útvegar sambærilegan hlut, er félaginu heimilt að krefjast þess að hinn skemmdi hlutur verði afhentur félaginu til eignar.
- f. Minjagildi muna eða hvers kyns persónulegt gildi þeirra bætist ekki.
- g. Tryggður skal ekki hagnast á tryggingaratburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.
- h. Við mat á bótaskyldu og ákvörðun bótafjárhæðar krefst félagið að hægt sé að sýna fram á vottorð sem lagt var fram við tryggingartöku samkvæmt 4. gr. um verðmæti og auðkenni þess skartgrips sem tjónið varðar.
- i. Fyrir bótaskyld tjón þar sem skartgripir eru hluti af pari, setti eða er hluti af stærri heild gildir einnig eftirfarandi:
 - Tryggður afhendir þau óskemmdu verðmæti sem tilheyra pari, setti eða heild. Félagið mun gera við eða endurnýja allt parið, settið eða heildina, með hliðsjón af gildandi tryggingarfjárhæð fyrir það par, sett eða heild.
 - Ef eftirstandandi hlutar eða einingar eru ekki afhendir mun félagið einungis gera við eða endurnýja þann hlut sem hefur orðið fyrir tjóni.
- j. Hafi tryggingartaki eða tryggður vísitandi veitt rangar eða villandi upplýsingar um verðmæti eða einkenni hins tryggða skartgrips, er félaginu heimilt að hafna bótaskyldu.

10. gr. Vísitala

Tryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari tryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun.

Skilmálar þessir gilda frá 01.09.2026